

1873. fyrir lögboðið gjald, sem er 16 rd. 80 sk., en það verður að  
27. maí. telja til í reikningum hlutaðeiganda amtmanns á venjulegan hátt.

27. maí. 41. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um brúargjörð yfir Þjórsá og Ölfusá.

Með bréfi, 8. oktbr. f. á., senduð þér herra landshöfðingi, sem þá voruð stiptamtmaður yfir Íslandi, bænarskrá frá fundi nokkrum, er haldinn var í fyrra í Rangárvallasýslu, um að fá opinberan styrk, til þess að láta reyndan mann rannsaka, hvort hægt væri eptir því, hvernig þar hagar til, að leggja brýr yfir Þjórsá og Ölfusá, og ef svo væri, að búa til uppdrætti og áætlun um kostnaðinn við brúargjörð þessa, og hafð þér stungið uppá, að stjórnarráðið hlutist til um, að sendur verði í þessu skyni verkmiður til Íslands, sem einnig ef því verður við komið rannsaki, hvort hægt sé að gjöra höfn við *Portland* (Dyrhólma)<sup>1</sup> í Skaptafellssýslu, og að kostnaðurinn við þetta framyfir þá 110 rd., sem skotið var saman á fyrnefndum fundi, verði greiddur úr landssjóðnum, eða ef þetta eigi að öllu leyti fæst hjá landssjóðnum, að veita megi 100 rd. tillag úr vegasjóði suðuramtsins til rannsókna um brúargjörðina, og 100 rd. úr jafnaðarsjóðnum til þess að rannsaka, hvort höfninni verði komið upp.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og til frekari framkvæmda, að stjórnarráðið mun veita það fê, sem á vantar, af landssjóðnum, með því skilyrði, að sækendur og fyrnefndir sjóðir greiði þá 310 rd., sem getið er um að framan, og höfum vér þar að auki hlutazt til um, að *can. polytechnices Windsfeldt-Hansen* fari hëðan til Íslands með póstgufuskipinu í næstkom-

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnamálefni Íslands, III., 220.

anda júlím., til þess að gjöra þær rannsóknir, sem ætlazt er til. Því skal við bætt, að stjórnarráðið hefir veitt kand. Windfeldt-Hansen 5 rd. í fæðispeninga um hvern dag, auk endurgjalds fyrir ferðakostnað og kostnað til þeirra, er hann þarf sèr til aðstoðar við rannsóknina, og 400 rd. þóknun, fyrir uppdrætti og áætlanir, sem hann kann að búa til.

1873.

27. maí.

#### 42. Bréf dómsmálastjórnarinnar til landshöfðingjans yfir Íslandi, um ferðir jarðyrkjumanns á Íslandi.

27. maí.

Eptir að stjórnarráðið hefir skrifazt á við amtmennina á Íslandi og hið konunglega landbústjórnarfélag útaf bænarskrá nokkurri, þar sem Sveinn jarðyrkjumaður Sveinsson, sem hefir gengið í jarðyrkjuskóla í Noregi, sækir um styrk til þess að ferðast um Ísland og útbreiða þar þekkingu á arðsamari jarðarrækt, en hingað til hefir verið höfð um hönd, er bæði dómsmálastjórnin og tæð landbústjórnarfélag fúst til þess að styðja þetta fyrirtæki fyrst um sinn á þessu ári, með því svo sýnist, sem landsmenn hafi hug á að hagnýta sèr leiðbeining jarðyrkjumanns, sem ferðist um landið með styrk af opinberu fè. Í þessu skyni höfum vèr hlutazt til um, að fyrnefndur Sveinn Sveinsson leggi af stað til Íslands frá Björgvin beina leið við lok þessa mánaðar eða í öndverðum næsta mánuði, til þess að ferðast um landið eptir því, sem þèr, herra landshöfðingi, er hann mun leita til, nákvæmar segið fyrir um, og leiðbeina þar bændum, sem vilja nota hans aðstoð, og eru fúsir til að láta honum til ókeypis húsnæði, fæði og fararbeina. Fyrir starf þetta skal veita Svein Sveinssyni 300 rd. fyrir þetta ár, en af því fè er búizt við að 100 rd. verði borgaðir af bústjórnarfélagi suðuramtsins og búnaðarsjóðum hinna amtanna, að tiltölu við þann tíma, sem hann hefir dvöl í hverju amti, en landssjóðurinn og hið konunglega landbústjórnar-